

EFTIRLITSSKÝRSLA

N-lax ehf. Laxamýri og Auðbrekku



Dags eftirlits	7.10.2015	Fulltrúi UST	Erna Karen Óskarsdóttir
Fyrirtæki	N-lax ehf.	Fulltrúi UST	
Heimili	Laxamýri, Húsavík	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	551009-1220	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Vigfússon	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit varðandi að ekki er búið að breyta nafni rekstraraðila á starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð við að starfsleyfi var ekki aðgengilegt eftirlitsaðila í eldisstöð.

UMFANG EFTIRLITS

Matvælastofnun sá um framkvæmd eftirlitsins og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 27.2 í reglugerð 785/1999	Komi nýr rekstraraðili að atvinnurekstri er hefur gilt starfsleyfi er heimilt að færa starfsleyfið yfir á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, enda verði engin önnur breyting á starfsleyfi. Nýr rekstraraðili tók yfir reksturinn eftir þrot fyrir tveimur árum síðan en starfsleyfið er enn á nafni eldri rekstraraðila.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við að starfsleyfið var ekki aðgengilegt eftirlitsaðila í eldisstöð.

ANNAÐ

Starfsleyfi á nafni fyrri rekstraraðila, Norðurlax hf., var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og gildir það til 20. mars 2023.

Reykjavík, 21.10.2015

Erna Karen Óskarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.